



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 10. janúar 2020

Efni: Umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um tillögur til þingsályktunar um samgönguáætlun til fimm ára 2020-2024, 434. mál og samgönguáætlun til fimmtán ára, 2020-2034, 435. mál.

Í skýrslu samgöngunefndar SASS sem tekin var fyrir og samþykkt á ársþingi samtakanna í lok október 2019 eru teknar saman upplýsingar um þau verkefni sem blasa við Sunnlendingum í samgöngumálum 2019-2029. Skýrsluna má finna [hér](#). Sveitarfélögin á Suðurlandi telja afar brýnt að fjármagni verði veitt í þessi verkefni þannig að þau komi til framkvæmda á tímabilinu.

Í skýrslunni koma fram eftirfarandi 10 áherslupunktur sem eru forgangsverkefni í samgöngumálum á Suðurlandi 2019-2029. Áherslupunkturarnir eru allir jafn mikilvægir.

- **Í forgangi er að tryggja öryggi vegfarenda á Suðurlandi.** Ferðafólk sem og íbúar upplifa sig ekki örugga á þjóðvegum¹; enda er umferðarþunginn mikill allt árið um kring.²
- **Vegir eru víða þröngir og vegaxlir lélegar** eða ekki fyrir hendi. Þetta á sérstaklega við á þjóðvegi 1, frá Markarfljóti og austur í Skaftafellssýslur, sömuleiðis á mörgum stofnvegum í Uppsveitum. Þessa **vegi þarf að breikka og styrkja vegaxlir. Gera þarf ráð fyrir hjólreiðafólki og gangandi umferð** í þeim framkvæmdum sem ráðist er í í dag. Setja þarf rífflur á miðju vega þar sem pláss er. Sömuleiðis setja vegrið þar sem bratt er niður af vegi og veghelgunarsvæðin lítil. Þetta á sérstaklega við um veginn í Eldhrauni og á Síðu, í Örafum, undir Eyjafjöllum og í Mýrdal.
- **Einbreiðar brýr** í Suðurkjördæmi á **þjóðvegi 1** eru **21 talsins**. Þeim verður að **útrýma**.
- **Setja þarf útskot, afreinar og aðreinar á hættulega staði** þar sem umferðarþungi og hröð umferð mæta heimreiðum og tengivegum.
- **Efla þarf löggæslu.** Það er óumdeilt að sýnileg löggæsla og öflugt umferðareftirlit heldur niðri umferðarhraða og spornar við ofsakstri sem oftast er ekki orsök alvarlegustu umferðarslysanna. Einkum þarf að efla löggæslu á miðsvæði Suðurlands, í Vík, á Klaustri og í Örafum. Einnig þarf að styrkja almannavarnir og störf annarra viðbragðsaðila.

¹ Nýr veruleiki í mótun? Áfangastaðaáætlun Suðurlands (DMP), Samatekt samgöngunefndar SASS, Gögn frá Lögreglunni á Suðurlandi, Jafnvægisás ferðamála. Allar þessar skýrslur er að finna í fylgigögnum á heimasíðu www.sass.is og í samantekt með skýrslu samgöngunefndar.

² Gögn frá Vegagerðinni - maí 2019.



- **Stórar og fjárfrekar nýframkvæmdir**, s.s. Ölfusárbrú, vegur yfir Hornafjörð og göng gegnum Reynisfjall, eru framkvæmdir sem fara verður í strax. Þessar nýframkvæmdir **mætti hugsanlega fjármagna með hóflegum veggjöldum að hluta eða öllu leyti**. Útfæra þarf aðkomu ríkisins, hvort framkvæmdir verði að fullu greiddar með veggjöldum eða að hluta frá ríkissjóði.
- **Stofnvegir og tengivegir** sem enn eru **ekki lagðir bundnu slitlagi** þurfa að **fá aukið fjármagn til uppbyggingar og viðhalds**. Malarvegir í byggð á starfssvæði SASS eru samtals 452 km, tengivegir þ.a. 414 km. Miðað við óbreytt fjármagn, samkvæmt gildandi vegaáætlun, tekur a.m.k. 75 ár að ljúka við að leggja bundið slitlag á þá. Löngu tímabært er að gert verði **sérstakt átak í lagfæringu malarvega** svo leggja megi þá bundu slitlagi á næstu 10 árum. Þetta á við t.d. vegi í Flóa, Uppsveitum Árnessýslu og Rangárvallasýslu.
- Tryggja þarf með **öflugum dýpkunaraðgerðum** að **Landeyjarhöfn** sé haldið opinni árið um kring. **Sama gildir um höfnina í Þorlákshöfn, grynnslin við ós Hornafjarðar og Hornafjarðarhöfn**.
Vegagerðin er hvött til að breyta kostnaðarskiptingu endurbóta við gerð varnargarða, úr 60/40% skiptingu í 85/15%. Í þessu samhengi er bent á að viðhaldsframkvæmd við garð á Suðurfjörum við Hornafjörð, sem breytir varnargarði út í Einholtskletta, mun draga úr sandburði inn á Grynnslin við ós Hornafjarðar og Hornafjarðarhöfn.
- Sveitarfélög á Suðurlandi eiga að vera **brautryðjendur í grænum samgöngum á Íslandi**, líkt og gert var með rafvæðingu Herjólfss. Efla þarf almenningssamgöngur. Lagt er til að nýsköpunarteymi almenningssamgangna verði sett á laggirnar.
Samtökin ítreka **mikilvægi almenningssamgangna** á Suðurlandi. Við tilfærslu málaflokksins frá landshlutasamtökum til Vegagerðar verður að tryggja að þjónusta skerðist ekki, heldur þvert á móti þróist og eflist.
- **Flugsamgöngur þarf að tryggja áfram til Hornafjarðar og Vestmannaeyja með opinberum stuðningi**. Þær eru mikilvægar almenningssamgöngur og tryggja aðgengi íbúa að öruggri heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþjónustu sem ekki fæst heima fyrir og þarf um langan veg að sækja.

Til viðbótar fyrrgreindum forgangsverkefnum er lögð áhersla á ráðist verði í svokallaða **félagshagfræðileg greiningu á fyrirhuguðum samgönguverkefnum á Suðurlandi**. Þannig væri betur hægt að setja fram forgangsröðun verkefna, út frá þeim gögnum og mælingum sem mjög víða liggja fyrir og eru lögð til grundvallar slíkri greiningu.

Ánægjulegt er að sjá framgang verkefna í landshlutanum og þau sem eru á fimm ára eða fimmtán ára samgönguáætlun ríkisins s.s. að farið verði í framkvæmdir á hættulegasta vegkafla landsins. Gert er ráð fyrir að ljúka endurbótum á og aðskilnaði akstursstefna á milli Biskupstungnabrautar og Varmár árið 2022 og að byggja eigi tvöfalda brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi fyrir árslok 2021. Það veldur hins vegar **vonbrigðum** að vegstytting yfir Hornafjarðarfliót (hringvegur um Hornafjörð) skuli ekki vera að fullu fjármögnuð í þessari áætlun en gert er ráð fyrir að fjármagna 50% í samstarfi við einkaaðila og að framkvæmdum verði frestað til 2021. Í samgönguáætlun til ársins 2034 eru markmiðin m.a. að fækka einbreiðum brúm, stytta akstursleiðir, flug eða siglingaleiðir til Reykjavíkur niður í 3,5 klst. Nýtt vegstæði



styttir þjóðveginn um 14 km. og fækkar einbreiðum brúm um þrjár ásamt því að fækka vegtengingum inn á þjóðveg umtalsvert og þannig **efla öryggi vegfarenda**, sem er markmið með nýrri samgönguáætlun.

Öll verkefni sem tilgreind eru í samgöngumálum Sunnlendinga 2019-2029 snúa að **öryggi og velferð íbúa og** þeirra fjölmörgu **gesta** sem sækja Suðurland heim á hverjum degi. Í nýlegri íbúakönnun sem gerð var meðal íbúa á Suðurlandi var umferðaröryggi sérstaklega tilgreint sem atriði sem hefur mikil áhrif á skilyrði til búsetu en greiðar samgöngur hafa mikil áhrif á búsetuskilyrði, atvinnutækifæri, öryggi og lífsgæði fólks.

Íbúum á Suðurlandi fjölgaði, skv. gögnum Hagstofunnar, um 3,2% eða um 923 á milli árána 2018 og 2019 en fjölgunin var 4,7% eða um 1.300 á milli árána 2017 og 2018. Alls hefur **íbúum** í landshlutanum **fjölgað um 2.207** eða **8%** á milli árána **2017 - 2019**. Samkvæmt nýsamþykktu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að ferðamönnum á Íslandi fækki en á móti hefur dvalartíminn lengst. Rannsóknir sýna að rúmlega **70% ferðamanna sækja Suðurland heim** og um **55%** allra ferðamanna sem hingað koma gista á einhverjum tímavarki í **landshlutanum**. Þetta byggir á opinberum tölum frá árinu 2016 og miðað við þær breytingar sem hafa orðið á ferðahegðun, dvelja lengur, er líklegt að þessi hlutföll hafi hækkað og það hefur **bein áhrif á umfang löggæslu og umferð í landshlutanum**.

Samgöngumál og innviðir

Í viðauka hér á eftir er gerð nánari grein fyrir innviðum og vegum á Suðurlandi. Þar eru tilgreind nánari rök fyrir nauðsyn uppbyggingar málaflokksins í landshlutanum en skv. uppl. Vegagerðarinnar eru um **23% vegakerfisins á Íslandi á Suðurlandi**. Nauðsynlegt er að **tryggt verði fjármagn til uppbyggingar og viðhalds vegakerfisins** til að stuðla að auknu umferðaröryggi og til að vegakerfið annað stóraukinni umferð. **Þrátt fyrir að auknu fé hafi verið varið í viðhald og bætt þjónustu þarf að gera enn betur.**

Samgönguáætlun Suðurlands 2019-2029

Vísað er til fyrrnefndar **Samgönguáætlunar Suðurlands 2019-2029** sem samþykkt var á ársþingi samtakanna í lok október 2019. Skýrsluna má finna [hér](#). Skýrslan er ákall sveitarstjórna á Suðurlandi um bættu vegi á Suðurlandi, **þörf fyrir nýframkvæmdir, viðhald og bætt öryggi á vegum, betri fjaraskipti, ljósleiðara sem og GSM samband**. Þá fjallar áætlunin um **almenningsamgöngur, að flugsamgöngum og ferjusiglingum** meðtöldum.

Á nýliðnu ársþingi var fjallað um skýrsluna og voru þingfulltrúar sammála um að niðurstöður hennar sýni að enn sé aðgerða þörf í samgöngum á Suðurlandi, bæði í **uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins til að tryggja öryggi vegfarenda**.

Umferðaröryggi (einbreiðar brýr, yfirborð vegar)

Um leið og áréttáðar eru niðurstöður Samgönguáætlunar SASS er varðar öryggi á vegum er þeim úrbótum sem gerðar hafa verið að undanförunu s.s. á þjóðvegi 1 í Ölfusi fagnað.

Ítrekað er mikilvægi þess að fyrirhuguðum áformum varðandi úrbætur á þjóðvegakerfinu gangi eftir, um að tryggja umferðaröryggi s.s. merkingar á vegum. Einnig verði hugað að öryggi hjólandi umferðar,



hestaumferðar o.s.frv. Er bent á mikilvægi þess að fara í **átak í umferðarfræðslu/forvörnum og gæslu**. Upplýsingaveitur eru lykilatriði í að fræða ferðamenn til að draga úr slysa hættu á vegum landsins.

Lögð er áhersla á að litið verið til þeirra tíu forgangspunkta sem fyrrgreind skýrsla samtakanna tekur til. **Slysa hættu af einbreiðum brúm** er mikil og enn og aftur er á réttað að nauðsynlegt sé að gera úrbætur þar á.

Almenningssamgöngur

Stjórn SASS ítrekar **mikilvægi almenningssamgangna í byggðapróun í landinu**, þ.m.t. á Suðurlandi. Við tilfærslu málaflokksins frá landshlutasamtökunum til Vegagerðarinnar verður að tryggja að þjónusta skerðist ekki, heldur þvert á móti þróist og eflist. Nauðsynlegt er að **standa vörð um almenningssamgöngur í landinu** en í framlagðri samgönguáætlun og á fjárlögum ársins er sem dæmi **ekki gert ráð fyrir þeim fjármunum sem þarf til málaflokksins**. Á árabílinu 2020 til 2024 er gert ráð fyrir að fjármagn til málaflokksins „Ferjur, sérleyfi á landi (almenningsamgöngur á landsbyggðinni), innanlandsflug“ **lækki** úr 2.455 m.kr. í 2.251 m.kr. eða **um 8,5%**. Það er í engu samræmi við stefnumörkun í málaflöknum og áforma ríkisins um nauðsyn þess að áfram þurfi að byggja upp almenningssamgöngur um land allt og „... gera þjónustuna aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.“ Ríkið þarf að sýna ábyrgð og veita nægu rekstrafé í málaflökkin þannig að tryggja megj að markmið í almenningssamgöngum náist.

Lögð er rík áhersla á **niðurgreiðslur á innanlandsflugi** líkt og aðrar almenningssamgöngur. Áætlunarflug innanlands er mikilvægur hlekkur í almenningssamgöngum og tryggir aðgengi þeirra sem fjærst búa frá höfuðborgarsvæðinu að nauðsynlegri opinberri þjónustu, sérstaklega heilbrigðiskerfinu.

Stjórn SASS ítrekar mikilvægi fyrri ályktana um að **ferjusiglingar til Vestmannaeyja verði skilgreindar sem þjóðvegur**. Huga þarf að endurbótum á Landeyjahöfn til að **tryggja að höfnin verði heilsárshöfn**.

Sjóvarnargarðar, Grynnslin og hafnir á Suðurlandi

Samtökin ítreka fyrri ályktanir um að tryggja **nægjanlegt fjármagn til viðhalds, rannsókna og uppbyggingar hafna á starfssvæði samtakanna**. Vísað er til Samgönguáætlunar Suðurlands 2019-2029 þar sem ítarlega er gert grein fyrir þessum þáttum.

Tryggja þarf fjármagn til **áframhaldandi eflingar og uppbyggingar hafnar í Þorlákshöfn**. Höfnin í Þorlákshöfn er orðin gríðarlega mikilvæg hvað varðar atvinnuuppbyggingu fyrir Suðurland í heild. Útekt hefur nýlega verið gerð á mikilvægi hafnarinnar fyrir Suðurland og hana má finna [hér](#).

Veggjöld

Í samgönguskýrslu SASS er fjallað um veggjöld og hvort mismunandi framkvæmdir ættu að vera fjármagnaðar að fullu með veggjöldum eða með aðkomu ríkisins að hluta. Nefndar eru í samgönguáætlun fjárfrekar framkvæmdir á fjölförnum vegum í þessu samhengi, ný Ölfusárbrú, göng um Reynisfjall og nýr vegur um Hornafjörð. Rætt hefur verið við þingmenn Suðurkjördæmis um áhyggjur sveitarfélaganna af því að stefnumótun í málaflöknum væri óskýr. Niðurstaða ársþings SASS er að skoða



megi að fjármagna nýframkvæmdir með hóflegum veggjöldum að hluta eða öllu leyti. Útfæra þarf hins aðkomu ríkisins, hvort framkvæmdir verði að fullu greiddar með veggjöldum eða að hluta frá ríkissjóði.

Lögð er áhersla á að hugmyndir um gjaldtöku verði hugsaðar heildrænt og að gjaldtaka einstakra nýframkvæmda séu teknar til sérstakrar skoðunar. Áréttað er að **ávallt sé fær hjáleidd við gjaldskylda vegi** til að tryggja jafnræði búsetu í dreifðum byggðum landsins.

Þá er lögð áhersla á að **skipting núverandi tekjustofna skili sér til samgöngubóta** og mikilvægt er að skipulagsákvörðunarréttur sveitarfélaga sé virtur við nýframkvæmdir vega.

Stjórn SASS mælir eindregið með að fyrir afgreiðslu þingályktunartillögunar verði bætt úr fyrrgreindum vanköntum.

Fyrirsvarsmenn samtakanna óska eftir að koma á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



VIÐAUKI 1


Innviðir og vegir á Suðurlandi - minnisblað 10.10.2018

Samtök iðnaðarins og Félag ráðgjafarverkfræðinga stóðu að útgáfu á skýrslu um stöðu innviða á Íslandi. Skýrslan heitir: *Innviðir á Íslandi, ástand og framtíðarhorfur*. Skýrslan var kynnt á opnum fundi þann 5. október 2017 eða fyrir um einu ári síðan.

Í skýrslunni er gerð úttekt á helst innviðum í tíu köflum sem fjalla um flugvelli, vegi, hafnir, fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, úrgangsmál, orkuvinnslu, orkuflutninga og fasteignir ríkis og sveitarfélaga.

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að lýsa stöðu helstu innviða hagkerfisins og draga fram þarfir og lausnir til að tryggja gæði þessara meginstoða íslensks samfélags. Í skýrslunni er lagt mat á endurstofnvirði innviðanna sem eru teknir fyrir, ástand þeirra metið, greint frá hverjar framtíðarhorfurnar eru og lagt mat á uppsafnaða viðhaldspörf. Þá eru settar fram ráðleggingar og lýsing á því hvað þarf til að koma á breytingum. Skýrslan er lögð fram til að skapa upplýsta umræðu um stöðu innviða íslenska hagkerfisins.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að heildarendurstofnvirði ofangreindra innviða er áætlað 3.493 ma.kr. Til samanburðar stóðu heildareignir lífeyrissjóða landsmanna í 3.725 ma.kr. í lok júlí 2017.



Rökin:

- Gríðarlegur ágangur hefur verið á innviði ferðaþjónustunnar s.s. vegi. Þunginn hefur verið mestur á Suðurlandi af öllum landshlutunum.



- Af þeim 10 þáttum sem tilgreindir eru í ástandsskýrslu SI þá koma vegir verst út.
- Góður tímarpunktur að fara í framkvæmdir. Það hefur dregið verulega annars vegar úr hagvexti á Íslandi og hins vegar spennunni á samfélaginu. Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur m.a. hægt verulega á sér.
- Vegir og samgöngur eru meðal áhrifamestu þátta á atvinnulíf og jákvæða þróun lýðfræðilegra þátta. Vegir eru lífæð samfélaga. Ef lífæðin skaddast og jafnvel stoppar þá stöðvast hjól atvinnulífs og samfélaga.
- Ef samfélög og atvinnugreinar ætla að halda uppi góðu og öflugum þjónustustigi þá þarf að byggja upp innviði s.s. vegi. Samkeppnishæfni samfélaga byggist upp á öflugum samgöngum.
- Uppsöfnuð viðhaldsþörf vega er gríðarleg. Ferðaþjónusta margfaldaðist af stærð á fáum árum með auknu álagi á vegi. Viðhaldsþörf vega hefur ekki verið í neinum takti við fjölgun ferðamanna og aukna umferð á vegum á Suðurlandi.
- Líklegar afleiðing þess að vegasamgöngur verða slæmar eru þær að ferðamenn hætta að keyra um vegina, slys verða tíðari og fólk hefur ekki áhuga á að búa á stöðum þar sem vegasamgöngur eru slæmar.
- Mikilvægt er að skoða fleiri leiðir til fjármögnunar og framkvæmda en frá hinu opinbera til að hraða uppbyggingu, s.s. með aðkomu einkaaðila og annarra fjárfesta s.s. lífeyrissjóða, innviðasjóða, svo fátt eitt sé nefnt.
- Þróunin í ferðaþjónustu á undangengnum mánuðum hefur verið sú að erlendir gestir fara styttra út frá Höfuðborgarsvæðinu. Sökum nálægðar Suðurlands við Höfuðborgarsvæðið þá minnkar ekki straumur ferðamanna á Suðurland. Þrátt fyrir að aukning á fjölda ferðamanna sé farin að hægja verulega á sér, þá eykst stöðugt þungi umferðar frá ferðmönnum inn á Suðurland.
- Slysatiðni á vegum á Suðurlandi er gríðarlega há – sbr. [hér](#). Á Suðurlandi eru margir af fjölförnustu vegum landsins.
- 61% ferðamanna sem fóru í dagsferðir innanlands á árinu 2017 fóru í dagsferð um Suðurland. Næsti landshluti á eftir var Vesturland með 33% - sbr. [hér](#)
- Áætlað er að 2,3 - 2,4 milljónir erlendra ferðamanna heimsæki Ísland á árinu 2019.
- Umferð um nokkra staði árið 2017, sjá að neðan í mynd á næstu bls.
- Rúmlega 1,2 milljónir ferðamann komu að Gullfossi og Geysi árið 2017. Gera má ráð fyrir því að á næsta ári (2019) verði fjöldi ferðamanna á svæðinu í kringum 1,5 milljónir ferðamanna



Áætlaður fjöldi ferðamanna á einstökum svæðum og stöðum:

	Sumar 2017		Vetur 2017		Íslendingar 2016	
Fjöldi ferðamanna á tímabili	777.889		1.417.382		332.529	
	%* Fjöldi		%** Fjöldi		%*** Fjöldi	
Reykjavík	95,6	743.700	96,7	1.370.600	26,6	88.500
Nágrannasveitarfélög höfuðborgar	47	365.600	54,6	773.900		
Suðurland	71,2	553.900	55	739.600	57,7	191.900
Reykjanes	39,8	309.600	36,2	513.100	13,7	45.600
Vesturland	48,4	376.500	29	411.000	45,6	151.600
Norðurland	50,2	390.500	17,3	245.200	55,1	183.200
Austurland	44,8	348.500	16,6	235.300	22,6	75.200
Hálendið	29,6	230.300	9,6	136.100	7,7	25.600
Vestfirðir	20	155.600	8,4	119.100	20,4	67.800
Reykjanesbær	17,1	133.000	15,7	222.500	8,6	28.600
Reykjanesviti/Heimsálfurú/Gunnhver	18,1	140.800	14	198.400	1,8	6.000
Bláa lónið	23,4	182.000	26,3	372.800	1,3	4.300
Grindavík					5,4	18.000
Sandgerði					2,3	7.600
Krísuvík					2,1	7.000
Borgarnes	23	178.900	14,9	211.200	20,9	69.500
Snæfellsnes/Þjóðharðurinn Snæf.nes	36	280.000	19,4	275.000	9,9	32.900
Stykkishólmur/Eyjaf Breiðafjarðar	20,3	157.900	8,8	124.700	12,6	41.900
Búðardalur/Dalir	13,4	104.200	5,8	82.200	7,7	25.600
Húsafell / Reykholt	18,2	141.600	9,5	134.700	14,5	48.200
Hvalfjörður					11,5	38.200
Ísafjörður	11,9	92.600	3,9	55.300	9,5	31.600
Arnarfjörður/Dynjandi	8,6	66.900				
Látrabjarg	7,2	56.000			2,4	8.000
Hólmavík/Strandir	10,7	83.200			7,1	23.600
Hornstrandir	3,5	27.200			1,8	6.000
Hvammstangi/Hvitserkur	14,3	111.200	4,7	66.600	6,8	22.600
Skagafjörður	20,1	156.400	6,4	90.700	13,9	46.200
Akureyri	46,2	359.400	14,5	205.500	38	126.400
Mývatnssveit	45,3	352.400	12,6	178.600	12,1	40.200
Húsavík	33,2	258.300	6,2	87.900	10,2	33.900
Ásbyrgi/Dettifoss	40,1	311.900			4,8	16.000
Melrakakléttar/Þórshöfn	4,2	32.700			2,6	8.600
Siglufjörður					12,2	40.600
Borgarfjörður eystri	13,4	104.200			3,5	11.600
Egilsstaðir/Hallormsstaður	31,8	247.400	7,8	110.600	14,8	49.200
Seyðisfjörður	28	217.800	6,3	89.300	5,7	19.000
Djúpavogur	18,9	147.000	7	99.200	4,8	16.000
Neskaupsstaður	8,3	64.600				
Stöðvarfjörður	11,5	89.500			3,3	11.000
Eskifjörður	15,6	121.400			4,1	13.600
Vopnafjörður					2,1	7.000
Hornafjörður	16,8	130.700	9,3	131.800	8,5	28.300
Jökulsárlón	50,2	390.500	30,6	433.700	6,9	22.900
Skaftafell	46,4	360.900	27,7	392.600	4,7	15.600
Vík	56,6	440.300	41,5	588.200	11,4	37.900
Skógar	48,6	378.100	31,8	450.700	8,3	27.600
Þórsmörk	25,8	200.700	10,4	147.400	4,3	14.300
Vestmannaeyjar	7,9	61.500			9,3	30.900
Þingvellir	56,8	441.800	41,4	586.800	14	46.600
Geysir/Gullfoss	62,6	487.000	48	680.300	13,8	45.900
Eyrarbakki	13,4	104.200	8,7	123.300	6,4	21.300
Kirkjubæjarklaustur					9,1	30.300
Herðubreiðarlindir/Askja	7,7	59.900			2	6.700
Sprengisandur	4,7	36.600			2,2	7.300
Kjölur/Hveravellir	9,4	73.100			2,5	8.300
Landmannalaugar	19,8	154.000			3,3	11.000
Kverkfjöll					1,1	3.700
Askja					2	6.700